

**ÁRSSKÝRSLA  
HÆSTARÉTTAR ÍSLANDS  
2017**

## **Inngangur**

Hér getur að líta ársskýrslu Hæstaréttar Íslands. Í henni er að finna upplýsingar um starfsemi réttarins á árinu 2017. Eins og undanfarin ár er skýrslan einungis birt á heimasíðu réttarins.

Í febrúar 2018

Þorsteinn A. Jónsson  
skrifstofustjóri  
Hæstaréttar Íslands

## Ný mál árið 2017

Að neðan getur að líta yfirlit yfir fjölda þeirra mála sem bárust Hæstarétti á árinu 2017. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 2011-2016. Málunum er annars vegar skipt í áfrýjuð mál, sem almennt eru flutt munnlega fyrir réttinum, og kærumál sem eru yfirleitt skriflega flutt. Hins vegar er málunum skipt eftir því hvort um er að ræða einkamál eða sakamál.

|                 | 2011       | 2012       | 2013       | 2014       | 2015       | 2016       | 2017       |
|-----------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| <b>Áfrýjun:</b> |            |            |            |            |            |            |            |
| Einkamál        | 252        | 257        | 285        | 266        | 321        | 349        | 307        |
| Sakamál         | 74         | 89         | 104        | 114        | 109        | 83         | 94         |
| <b>Kærur:</b>   |            |            |            |            |            |            |            |
| Einkamál        | 227        | 203        | 255        | 294        | 236        | 226        | 210        |
| Sakamál         | 151        | 221        | 182        | 188        | 196        | 214        | 246        |
|                 | <b>704</b> | <b>770</b> | <b>826</b> | <b>862</b> | <b>862</b> | <b>869</b> | <b>857</b> |

Á árinu 2017 voru skráð mál 12 færri en síðasta ár. Munnlega fluttum einkamálum fækkar miðað við tvö ár á undan. Kærðum sakamálum fjölgar umtalsvert og hafa aldrei verið fleiri, en kærð einkamál hafa ekki verið færri frá árinu 2010.

## Dómar á árinu 2017

Hér að neðan er að finna yfirlit um fjölda dæmdra mála í Hæstarétti á árinu 2017. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 2011-2016. Er málunum sem fyrr skipt í áfrýjuð mál og kærumál.

|                    | 2011       | 2012       | 2013       | 2014       | 2015       | 2016       | 2017       |
|--------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| <b>Áfrýjun:</b>    |            |            |            |            |            |            |            |
| Dómar í einkamálum | 193        | 211        | 250        | 194        | 229        | 264        | 190        |
| Dómar í sakamálum  | 71         | 78         | 90         | 87         | 103        | 92         | 66         |
| <b>Kærur:</b>      |            |            |            |            |            |            |            |
| Dómar í einkamálum | 243        | 218        | 247        | 294        | 238        | 202        | 191        |
| Dómar í sakamálum  | 142        | 203        | 177        | 185        | 191        | 204        | 243        |
|                    | <b>649</b> | <b>710</b> | <b>764</b> | <b>760</b> | <b>761</b> | <b>762</b> | <b>690</b> |

Á árinu 2017 voru uppkveðnir dómar 690 eða 72 færri en árið 2016.

Af 256 munnlega fluttum málum var 1 mál flutt fyrir 7 dómurum, 58 mál flutt fyrir 5 dómurum og 197 mál voru flutt fyrir 3 dómurum. Dómarar skiluðu sératkvæði 7 sinnum á árinu í munnlega fluttum málum. Í sératkvæðum sínum skiluðu dómarar 5 sinnum annarri efnislegri niðurstöðu, en 2 sinnum annarri niðurstöðu að hluta.

Á árinu var ekkert kærúmál munnlega flutt. Þá voru engin sératkvæði í kærúmálum á árinu.


## Skipting dæmdra mála eftir málsúrslitum á árinu 2017

Eftirfarandi er skipting dæmdra mála á árinu 2017 eftir málsúrslitum. Er málunum sem fyrr skipt í áfrýjuð mál og kærumál.

### Áfrýjun

#### *Einkamál*

Dómar í áfrýjuðum einkamálum voru 190 á árinu 2017. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 112 málum. Í 17 málum var niðurstöðu héraðsdóms breytt að einhverju leyti og í 44 málum var niðurstöðu héraðsdóms breytt að verulegu leyti eða snúið við. Í 17 tilvikum var málum vísað frá, eða héraðsdómur ómerktur.




### **Sakamál**

Dómar í áfrýjuðum sakamálum voru 66 á árinu 2017. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 26 málum. Niðurstöðu héraðsdóms var breytt að einhverju leyti í 13 málum og eru þar með taldar breytingar á refsingum. Í 16 málum til viðbótar var niðurstöðu héraðsdóms breytt að verulegu leyti eða snúið við. Í 11 tilvikum var héraðsdómur ómerktur eða málum vísað frá héraðsdómi eða Hæstarétti.


#### **Dómar í sakamálum**

- Staðfest
- Breytt að einhverju leyti
- Breytt að verulegu leyti eða snúið við
- Annað: ómerking, frávísun



## Kærum

Dómar í kærumálum voru 434 á árinu 2017. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 324 málum. Niðurstöðu héraðsdóms var breytt að einhverju leyti eða snúið við í 73 málum og 37 málum var vísað frá héraðsdómi eða Hæstarétti eða meðferð þeirra ómerkt.



## Ódæmd mál 31. desember 2017

### Áfrýjanir

Eftirfarandi er yfirlit yfir ódæmd mál sem áfrýjað hafði verið til Hæstaréttar fyrir 31. desember 2017. Til samanburðar eru tölur frá árunum 2013 - 2016.

| Ódæmd mál<br>31. desember | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|---------------------------|------|------|------|------|------|
|---------------------------|------|------|------|------|------|

### Áfrýjun

#### Einkamál:

|                   |     |     |     |     |     |
|-------------------|-----|-----|-----|-----|-----|
| <b>Alls ódæmd</b> | 106 | 133 | 185 | 211 | 270 |
|-------------------|-----|-----|-----|-----|-----|

#### Par af:

|                                  |    |    |     |     |     |
|----------------------------------|----|----|-----|-----|-----|
| <b>Frestað til<br/>flutnings</b> | 58 | 81 | 142 | 162 | 198 |
|----------------------------------|----|----|-----|-----|-----|

|  |    |    |    |    |    |
|--|----|----|----|----|----|
| <b>Frestað til<br/>þingfestingar<br/>eða<br/>greinargerðar</b> | 48 | 52 | 43 | 49 | 72 |
|--|----|----|----|----|----|

#### Sakamál:

|                   |    |    |    |    |    |
|-------------------|----|----|----|----|----|
| <b>Alls ódæmd</b> | 54 | 74 | 79 | 60 | 75 |
|-------------------|----|----|----|----|----|

#### Par af:

|                                  |    |    |    |    |    |
|----------------------------------|----|----|----|----|----|
| <b>Tilbúin til<br/>flutnings</b> | 15 | 25 | 31 | 26 | 28 |
|----------------------------------|----|----|----|----|----|

|                             |    |    |    |    |    |
|-----------------------------|----|----|----|----|----|
| <b>Ágrip ekki<br/>komið</b> | 39 | 49 | 48 | 34 | 47 |
|-----------------------------|----|----|----|----|----|

Ódæmd einkamál voru mun fleiri í árslok en undanfarin ár eða 59 fleiri en á síðasta ári sem þó voru umtalsvert fleiri en árin þar á undan. Ódæmd sakamál voru í byrjun árs 2018 flutt yfir til Landsréttar að undanteknum tveimur málum sem ákveðið hefur verið að endurupptaka og verða þau dæmd af Hæstarétti.

### Kærur

Að neðan er tilgreindur fjöldi ódæmdra kærumála sem borist hafði Hæstarétti fyrir 31. desember 2017. Til samanburðar eru tölur frá 2016.

| Ódæmd mál 31. desember | 2016 | 2017 |
|------------------------|------|------|
|------------------------|------|------|

#### Kærur:

|                   |        |        |
|-------------------|--------|--------|
| <b>Alls ódæmd</b> | 20 mál | 24 mál |
|-------------------|--------|--------|



## Áfrýjunarleyfi

Heimildir til áfrýjunar mála til Hæstaréttar er að finna í XXV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XXXI. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Almennt er heimilt að áfrýja máli nema sérstök atvik eigi við. Eru það einkum mál sem varða lágar fjárhæðir en á árinu 2017 var miðað við mál sem vörðuðu fjárkröfur eða sektir lægri en 804.146 krónur sem sæta takmörkunum að þessu leyti. Getur Hæstiréttur þó heimilað áfrýjun slíkra mála að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum. Eftirfarandi er yfirlit yfir fjölda beiðna um áfrýjunarleyfi og afgreiðslur þeirra 2017. Til samanburðar eru tölur frá árunum 2012-2016.

| Ár:                   | 2012      | 2013      | 2014      | 2015      | 2016      | 2017      |
|-----------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| <b>Fjöldi beiðna</b>  | <b>38</b> | <b>52</b> | <b>72</b> | <b>48</b> | <b>34</b> | <b>43</b> |
| Samþykkt              | 14        | 18        | 37        | 20        | 16        | 15        |
| Hafnað                | 23        | 24        | 24        | 25        | 14        | 27        |
| Afturkallað/óafgreitt | 1         | 10        | 11        | 3         | 4         | 1         |

## Dómarar

Frá stofnun Hæstaréttar hafa 50 menn verið skipaðir í embætti hæstaréttardómara. Þar af voru 7 dómarar skipaðir á árunum 2010 - 2017. Á árunum 2000 – 2009 voru 6 dómarar skipaðir í embætti, 16 dómarar á árunum 1980-1999, 10 dómarar á árunum 1960-1979, en einungis hlutu 11 dómarar skipun á þeim 40 árum sem liðu frá stofnun réttarins árið 1920 til ársins 1959. Helgast þessi fjölgun á skipunum hæstaréttardómara meðal annars af því að reglur um fjölda hæstaréttardómara hafa breyst í gegnum tíðina. Þegar Hæstiréttur Íslands var stofnaður skyldi dómstjóri og fjórir meðdómendur skipa dóminn. Mátti þá eigi setja dóm með færri dómendum en fimm. Dómurum við Hæstarétt var fækkað í þrjá með lögum nr. 37/1924. Með lögum nr. 111/1935 var dómurum aftur fjölgað í fimm, en þeir skyldu þó aðeins vera þrír, þangað til fé yrði veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum. Komst það til framkvæmda 1945. Dómurum var fjölgað með lögum nr. 42/1973 í sex, en fimm dómarar skyldu þá skipa dóm. Þó var heimilt að þrír dómarar dæmdu í málum við tiltekin skilyrði. Með lögum nr. 24/1979 var dómurum fjölgað í sjö og með lögum nr. 67/1982 var dómurum fjölgað í átta. Með lögum nr. 39/1994 var dómurum síðan fjölgað í níu. Með lögum nr. 12/2011 var dómurum fjölgað tímabundið í tólf. Frá 1. mars 2014 voru dómararnir aftur orðnir 9. Með lögum nr. 37/2015 var dómurum fjölgað tímabundið í 10. Með lögum nr. 50/2016 var dómurum fækkað í 7 án þess þó að raska stöðu þeirra sem þegar höfðu verið skipaður eða settir. Á árinu 2017 höfðu eftirtaldir dómarar fasta skipun í embætti hæstaréttardómara:

Benedikt Bogason hæstaréttardómari  
Eiríkur Tómasson hæstaréttardómari til 31. ágúst 2017  
Greta Baldursdóttir hæstaréttardómari  
Helgi I. Jónsson hæstaréttardómari  
Karl Axelsson hæstaréttardómari  
Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari  
Ólafur Börkur Þorvaldsson hæstaréttardómari (í leyfi til 30. júní 2017)  
Páll Hreinsson hæstaréttardómari (í leyfi frá 1. september 2011 til 15. september 2017)  
Viðar Már Matthíasson hæstaréttardómari  
Þorgeir Örlygsson hæstaréttardómari.

Davíð Þór Björgvinsson prófessor var settur hæstaréttardómari frá 15. janúar til 28. febrúar 2017

Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri var settur hæstaréttardómari frá 1. mars til 15. apríl 2017  
Ingibjörg Benediksdóttir fyrrverandi hæstaréttardómari var sett hæstaréttardómari frá 1. maí til 15. júní 2017

Ingveldur Einarsdóttir var sett hæstaréttardómari frá 1. janúar 2013 til 15. september 2017.

Á árinu 2017 var Þorgeir Örlygsson forseti Hæstaréttar og Helgi I. Jónsson varaforseti réttarins.

## **Aðrir starfsmenn Hæstaréttar**

Á árinu 2017 störfuðu alls 16 aðrir starfsmenn hjá Hæstarétti Íslands.

Aníta Gísladóttir ritari (í leyfi frá 17. ágúst til 20. september 2017)  
Björn Hólm Magnússon dómvörður  
Guðlaug Jónasdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara (frá 15. ágúst 2017)  
Gunnlaugur Geirsson aðstoðarmaður hæstaréttardómara (til 31. ágúst 2017)  
Halldóra Þorsteinsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara (til 31. ágúst 2017)  
Hilda Valdemarsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara  
Jakobína Sveinsdóttir bókasafnsfræðingur (til 31. mars 2017)  
Jónas Marteinsson dómvörður (til 20. maí 2017)  
Kristín Ísleifsdóttir ritari  
Kristján Ólason dómvörður (frá 17. maí 2017)  
Lilja Björk Sigurjónsdóttir ritari (frá 1. mars til 31. desember 2017)  
María Káradóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara (frá 4. september 2017)  
Sólveig Bjarnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur  
Teitur Már Sveinsson aðstoðarmaður hæstaréttardómara (frá 1. mars 2017)  
Tinna Björk Kristinsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara  
Þorsteinn A. Jónsson skrifstofustjóri

## **Varadómarar**

Eftirtaldir varadómarar voru kallaðir til starfa á árinu 2017:

Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari  
Árni Kolbeinsson fyrrverandi hæstaréttardómari  
Ásgeir Magnússon dómstjóri  
Eiríkur Jónsson prófessor  
Garðar Gíslason fyrrverandi hæstaréttardómari  
Gunnlaugur Claessen fyrrverandi hæstaréttardómari  
Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari  
Ingibjörg K. Benediktsdóttir fyrrverandi hæstaréttardómari  
Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari  
Kolbrún Sævarsdóttir héraðsdómari  
Kristinn Bjarnason hæstaréttarlögmaður  
Stefán Már Stefánsson fyrrverandi prófessor  
Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri

## **Heimasíða Hæstaréttar**

Dómar Hæstaréttar hafa verið aðgengilegir almenningi á heimasíðu réttarins frá janúar 1999. Í upphafi árs 2004 voru síðan gerðar breytingar á heimasíðunni með það að markmiði að auðvelda og einfalda aðgengið enn frekar.

Hinn 11. júlí 2016 opnaði Hæstiréttur Íslands nýja vefsíðu sem var fyrsta heildstæða endurskoðun heimasíðunnar frá því að hún var tekin í notkun árið 1999. Markmiðið með nýjum vef er að auðvelda og einfalda aðgengið enn frekar. Auk breytinga á útliti og aðgengi hefur leitinn á vefsíðunni verið bætt og ítarlegri upplýsingar eru skráðar um hvert mál. Þá er heimasíðan orðin skjalanleg og nýtist því í snjalltækjum.

Á meðal nýjunga er svokölluð vöktun. Lögmenn og aðrir sem vilja fylgjast með málum eða dagskrá réttarins geta sett viðkomandi mál, eitt eða fleiri, í vöktun. Vöktunin felur í sér að tölvupóstur berst á skráð netfang þegar breytingar verða á stöðu mála, t.d. þegar mál er sett á dagskrá, breyting verður á málflutningsdegi, mál er tekið af dagskrá eða mál fær uppkvaðningardag. Einu sinni á sólahring er keyrsla vegna vöktunar og póstur sendur. Dagskráupplýsingar einstakra mála er einnig hægt að bæta við eða færa inn í dagatöl. Málflytjendum er hægt að fletta upp í fellilista inn á dagskrásvæðinu eftir völdum tímabilum. Vefurinn býður upp á RSS – efnisveitur að áfrýjuðum málum, dómasafni og dagskrá Hæstaréttar. Efnisveiturnar gera notendum kleift að fylgjast með birtingu efnis að eigin vali án þess að heimsækja vefinn í hvert sinn.

Sem fyrr eru ýmis konar upplýsingar sem varða starfsemi réttarins að finna á vefnum. Þá prýða síðuna ljósmyndir af dómhúsinu.

## **Dómasafn Hæstaréttar**

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla skulu dómar Hæstaréttar gefnir út, en um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki ráðherra. Dómasafn Hæstaréttar var gefið út á prenti frá því rétturinn tók til starfa árið 1920 og til 2006. Vegna kostnaðar og fárra áskrifenda eru ekki líkur á að dómar réttarins verði aftur gefnir út í prentuðu formi. Eins og fram hefur komið eru dómar Hæstaréttar frá 1. janúar 1999 einnig birtir á vefsíðu réttarins.

## **Bæklingur Hæstaréttar**

Gefinn er út á vegum Hæstaréttar litprentaður bæklingur, þar sem stiklað er á stóru í sögu réttarins, starfsemi hans reifuð og dómhúsið við Arnarhól kynnt. Bæklingurinn er gefinn út á íslensku og ensku og er fánlegur endurgjaldslaust á skrifstofu Hæstaréttar.

## Ársskýrsla Hæstaréttar

Á vegum Hæstaréttar voru á árunum 1999 – 2004 gefnar út prentaðar ársskýrslur, en þar er að finna upplýsingar um starfsemi réttarins fyrir hvert ár. Þessar ársskýrslur er einnig að finna á heimasíðu réttarins. Frá árinu 2005 hefur ársskýrslan ekki verið gefin út í prentuðu formi heldur einungis birt á heimasíðu réttarins.

### Prófmál

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 um lögmenn, sbr. lög nr. 93/2004, skal sá sem öðlast vill réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður m.a. sýna fram á það með prófraun, sem felst í munnlegum flutningi fjögurra mála, sem flutt eru í Hæstarétti fyrir fimm eða sjö dómurum, þar af a.m.k. tveggja einkamála, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin. Þetta fyrirkomulag öðlaðist gildi 1. nóvember 2004. Á árinu 2017 fluttu 36 prófmenn alls 66 prófmál.

Á árinu 2017 luku 13 héraðsdómslögmenn prófraun fyrir Hæstarétti.

### Gestakomur

Á hverju ári koma fjölmargir gestir í heimsókn í húsnæði Hæstaréttar til að hlusta á málflutning, vera viðstaddir dómsuppsögu, til að skoða húsnæði réttarins eða koma í heimsókn í skipulögðum hópum og fá leiðsögn þar sem húsnæði réttarins er sýnt og sagt frá starfsemi réttarins. Á árinu 2017 voru þessir gestir 1.560. Hér eru ekki taldir málflytjendur eða aðrir sem eiga erindi við afgreiðslu réttarins eða starfsmenn.

## Tilnefningar

Á hverju ári tilnefnir eða skipar Hæstiréttur Íslands í stjórnir, ráð og nefndir á grundvelli laga. Eftirfarandi er yfirlit yfir tilnefningar og skipanir réttarins á árinu 2017.

*11. janúar 2017*

### **Áfrýjunarnefnd samkeppnismála – formaður ad hoc.**

Eva Dís Pálmadóttir hæstaréttarlögmaður

*12. janúar 2017*

### **Dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara.**

Aðalmaður:

Eyvindur G. Gunnarsson prófessor eða Kristín Benediktsdóttir dósent

*15. febrúar 2017*

### **Dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara.**

Varamaður:

Hrefna Friðriksdóttir prófessor eða Valtýr Sigurðsson hæstaréttarlögmaður

*4. apríl 2017*

### **Kærunefnd jafnréttismála.**

Aðalmenn:

Erla S. Árnadóttir hæstaréttarlögmaður, formaður  
Björn L. Bergsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður  
Þórey S. Þórðardóttir hæstaréttarlögmaður

Varamenn:

Grímur Sigurðsson hæstaréttarlögmaður  
Guðrún Björg Birgisdóttir hæstaréttarlögmaður  
Arnar Þór Jónsson lektor

*23. maí 2017*

### **Kærunefnd útboðsmála.**

Aðalmenn:

Ásgerður Ragnarsdóttir hæstaréttarlögmaður  
Skúli Magnússon héraðsdómari  
Stanley Pálsson verkfræðingur

Varamenn:

Eiríkur Jónsson prófessor  
Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari  
Auður Finnbogadóttir viðskiptafræðingur

15. júní 2017

**Stjórn Dómstólasýslunnar.**

Aðalmaður:

Benedikt Bogason hæstaréttardómari

Varamaður:

Karl Axelsson hæstaréttardómari

16. júní 2017

**Áfrýjunarnefnd samkeppnismála.**

Aðalmenn:

Jóhannes Karl Sveinsson hæstaréttarlögmaður, formaður

Anna Kristín Traustadóttir viðskiptafræðingur

Stefán Már Stefánsson fyrrverandi prófessor

Varamenn:

Lárus L. Blöndal hæstaréttarlögmaður, varaformaður

Brynhildur Benediktsdóttir hagfræðingur

Kristín Benediktsdóttir dósent

5. júlí 2017

**Kjararáð.**

Aðalmaður:

Jakob R. Möller hæstaréttarlögmaður

29. september 2017

**Dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara – formaður ad hoc.**

Jakob R. Möller hæstaréttarlögmaður

29. september 2017

**Verkefnahópur vegna smíði málaskrárkerfis fyrir Landsrétt og dómstólasýsluna.**

Sólveig Bjarnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur

13. október 2017

**Yfirmatsnefnd samkvæmt ábúðarlögum.**

Aðalmaður:

Jón Höskuldsson héraðsdómari

Varamaður:

Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri

24. október 2017

**Endurupptökunefnd.**

Varamaður:

Gizur Bergsteinsson hæstaréttarlögmaður eða Steinunn Guðbjartsdóttir hæstaréttarlögmaður

*3. nóvember 2017*

**Fjölmiðlanefnd.**

Aðalmaður:

Halldóra Þorsteinsdóttir sérfræðingur

*23. nóvember 2017*

**Áfrýjunarnefnd samkeppnismála – formaður ad hoc.**

Helgi Birgisson hæstaréttarlögmaður

*29. desember 2017*

**Dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara – formaður ad hoc.**

Jakob R. Möller hæstaréttarlögmaður



## Almennar upplýsingar

Samkvæmt 10. gr. dansk-íslensku sambandslaganna nr. 39/1918 skyldi Hæstiréttur Danmerkur hafa á hendi æðsta dómssvald í íslenskum málum, þar til Ísland kynni að ákveða að stofna æðsta dómstól í landinu sjálfu. Þessi heimild var notuð umsvifalaust og var Hæstiréttur Íslands stofnaður með lögum nr. 22/1919 um hæstarétt. Samhliða því að dómssvald Hæstaréttar Danmerkur var afnumið var Landsyfirrétturinn, sem settur hafði verið á stofn árið 1800, lagður niður og hafa dómstigin í landinu síðan verið tvö. Hæstiréttur Íslands tók til starfa 16. febrúar 1920.

Um Hæstarétt giltu á árinu 2017 lög nr. 15/1998 um dómstóla. Samkvæmt 1. gr. þeirra laga er Hæstiréttur Íslands æðsti dómstóll ríkisins. Hann er áfrýjunardómstóll og hefur aðsetur í Reykjavík. Heimilt er þó að halda dómþing annars staðar sé til þess sérstök ástæða. Þar sem Hæstiréttur er áfrýjunar- eða málskotsdómstóll felast verkefni hans einkum í því að endurskoða dómsathafnir héraðsdómstólanna, sem eru alls átta talsins. Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur og verður úrlausnum þeirra yfirleitt ekki skotið til Hæstaréttar.

Málum verður skotið til Hæstaréttar með tvenns konar hætti: Annars vegar með áfrýjun máls og hins vegar með kæru. Með áfrýjun er átt við það, að lokaúrlausn héraðsdóms, sem venjulega er í formi dóms, sé skotið til Hæstaréttar til endurskoðunar. Til þess að máli verði áfrýjað þarf að vera fyrir hendi heimild til þess í lögum og er áfrýjunarheimildirnar að finna í XXV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XXXI. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í lögunum eru áfrýjunarheimildirnar skilgreindar neikvætt á þá leið, að almennt er heimilt að áfrýja máli nema sérstök atvik eigi við. Eru það einkum mál sem varða lágar fjárhæðir sem sæta takmörkunum að þessu leyti, en Hæstiréttur getur þó einnig heimilað áfrýjun slíkra mála að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Með kæru er almennt átt við það, að úrlausn héraðsdómstóls, sem ekki bindur enda á mál að efni til og yfirleitt er í formi úrskurðar eða ákvörðunar, sé skotið til Hæstaréttar. Hér má til dæmis nefna úrskurði héraðsdómara um hvort hann víki sæti í máli og úrskurði um gæsluvarðhald. Í sumum tilvikum verður þó endanlegum úrlausnum héraðsdómstóla skotið til Hæstaréttar með kæru, en ekki með áfrýjun, einkum úrlausnum sem varða gildi svokallaðra fullnustugerða sýslumanna, t.d. aðfarargerða og nauðungarsölu. Heimildir til kæru er einkum að finna í XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XXX. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en einnig í ýmsum sérlögum, t.d. lögum nr. 90/1989 um aðför og lögum nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Áfrýjuð mál eru almennt flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Eftir ákvörðun forseta Hæstaréttar taka þrjú eða fimm dómara við Hæstarétt þátt í meðferð máls fyrir dómi. Í sérstaklega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að fleiri dómara skipi dóm. Meðferð kærumála er mjög frábrugðin meðferð áfrýjaðra mála. Felast frávikin aðallega í

Því að málsmeðferð er yfirleitt skrifleg og gengur mun skjótar fyrir sig en meðferð áfrýjaðra mála.

Dómar Hæstaréttar eru endanlegir og verður þeim ekki skotið til neins annars dómstóls. Mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti verður því aðeins endurskoðað, að Endurupptökunefnd ákveði að málið skuli endurupptekið og tekið til meðferðar að nýju. Heimildum til endurupptöku mála er almennt skorinn nokkuð þröngur stakkur og er þær að finna í XXXII. og XXXIII. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og XXVI. og XXVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Nánari upplýsingar um sögu Hæstaréttar, starfsemi, starfsfólk og dómhús réttarins má finna á heimasíðu réttarins. Þá hefur verið gefinn út á vegum réttarins litprentaður bæklingur, þar sem stiklað er á stóru í sögu réttarins, starfsemi hans reifuð og húsakostur kynntur.